

EFTIRLITSSKÝRSLA

Málning hf. Kópavogur



Dags eftirlits	17.11.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	María Svavarsdóttir
Fyrirtæki	Málning hf.	Eftirlitsmaður	María Svavarsdóttir
Heimili	Dalvegi 18	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4502694849	Flokkur	Efnaiðnaður
Fulltrúi fyrirtækis	Húni Sighvatsson	ÍSAT nr.	20.30.0
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Lúthersson	Staðsetning	360217,744 403405,653

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu er varðar losun í fráveitu. Samkvæmt niðurstöðum efnagreininga úr fráveituvatni rekstraraðila eru losuð efni í fráveituna sem ekki er heimild fyrir í starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða málningarverksmiðju að Dalvegi í Kópavogi.

Starfsleyfið heimilar framleiðslu á allt að 2.2 milljónum lítra af málningu, 150.000 lítrum af þynnum og 150.000 lítrum af lími og lakki á ári í verksmiðjunni.

Boðað umfang eftirlitsins:

1. Staðan frá síðasta eftirliti
2. Starfsleyfi almenn ákvæði
3. Starfshættir skv. starfsleyfi
4. Mengunarvarnir
5. Innra eftirlit og vöktun
6. Kvartanir
7. Vettvangsferð
8. Fylgiskjöl
9. Önnur mál

Viðstaddir eftirlitið eru gæða- og framleiðslustjóri og vöru og rannsóknarstofustjóri. Farið er yfir stöðuna frá seinasta eftirliti þar sem ein athugasemd er enn opin um útreikninga á rýmun þynna. Fram kemur að að unnið er að útreikningum og er vonast til þess að ljúka vinnunni í lok ársins 2025.

Farið er yfir gæðahandbók, áætlanir um tímabundna- og varanlega lokun, viðbrögð við óhöppum og mengun, áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda sem og áhættumat vegna rekstrarstöðvunar sem er síðan 2023. Skráning á ýmsum þáttum rekstarins eru til staðar s.s. tæming olúgildra, magn og gerð efnis í endurvinnslu og förgun o.fl. Rædd eru umhverfismarkmið að þau séu tímasett og mælanleg og þjálfun starfsfólks í að bregðast við mengunaróhöppum. Lögð er fram fullnægjandi ábyrgðartrygging. Þá er lögð fram mæling á ryki og hávaða og er það allt innan marka leyfisins. Einnig var lögð fram skýrsla um efnagreiningu á fráveituvatni sem tekið var í seinasta brunni áður en vatnið fer í fráveitu Kópavogsbæjar. Þar sem ekki er heimild í starfsleyfi fyrir losun efna sem greinast í fráveituvatninu telst það vera frávik.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

1. tl. 5 gr. rg. Nr. 796/1999

Mengun vatns er óheimil. Losun efna og úrgangs í vatn, þ.m.t. efni á listum I, II og III og IV í viðauka með reglugerðinni, er óheimil nema í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, viðaukum með henni og starfsleyfa. Mengun vatns er óheimil. Losun efna og úrgangs í vatn, þ.m.t. efni á listum I, II og III og IV í viðauka með reglugerðinni, er óheimil nema í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, viðaukum með henni og starfsleyfa. Samkvæmt niðurstöðum

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

Ein opin athugasemd frá 2023 vegna útreikninga á rýrnun á þynnum sem notaðir eru í verksmiðjunni. Samkvæmt rekstraraðila eru þeir útreikningar enn þá í skoðun og er stefnt að því að fá þá á hreint fyrir árslok 2025.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

DRÖG DRÖG DRÖG DRÖG DRÖG

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.